

hafi kindunum verið skilað aptur til áfrýjanda, þegar ekkert varð úr áminntum sauðaflutningi til Englands, og hefur áfrýjandi kannast við, að hann hafi fengið kindurnar aptur og tekið við þeim. Enn fremur hefur hann sjálfur fyrir rjetti látið bóka það, að hann hafi í haust, er leið, boðið 3 sauði til borgunar upp í skuldina, og hefur þannig fyllilega kannast við hana ári eptir að sauðasalan til Englands átti fram að fara. Undanfærsla áfrýjanda að borga hina umstefndu skuld er því augljóslega ástæðulaus og verður að staðfesta hinn áfrýjanda dóm í öllum greinum hans. Samkvæmt þessum úrslitum málsins og með því að ekkert er fundið að forminu á hinni áfrýjuðu fógeta-gjörð, verður hún að standa óhögguð. Svo verður áfrýjandi og að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 25 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Gestarjettardómurinn og hin áfrýjanda fógeta-gjörð á að vera óröskuð. Áfrýjandi, Eiríkur Jóhannsson, greiði hinum stefnda Ólafi Árnasyni kostnað máls þessa fyrir yfirdómi með 25 krónum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna, frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 2. júlímánaðar.

Nr. 48/1893:

Vilhjálmur Árnason
 gegn
 Birni Þorlákssyni.

D ó m u r:

Mál þetta var höfðað í hjerði af ritstjóra Skapta

Jóseppssyni fyrir hönd hins stefnda, Björns prests Þorlákssonar á Dvergasteini, gegn áfrýjandanum, Vilhjálmí bónda Árnasyni á Hofi, fyrir meiðandi ummæli um tjeðan prest í kæruskjali yfir prestinum til biskups, er áfrýjandinn ásamt rúmum 40 mönnum öðrum hafði ritað nafn sitt undir í maímán. 1892 og sent biskupi. Var málið dæmt í gestarjetti Suðurmúlasýslu 1. ágúst f. á. þannig, að áfrýjandinn var dæmdur í 200 kr. sekt til landssjóðs eða til vara 60 daga einfalt fangelsi og ýms sjerstaklega tilgreind ummæli í kærinni og hún öll í heild sinni dæmd dauð og ómerk. Svo skyldi hann og greiða sækjanda í málskostnað 50 krónur.

Dómi þessum og 2 úrskurðum, er upp voru kveðnir meðan á málinu stóð 18. og 25. júlí f. á., hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 14. okt. f. á., og krafizt þess, sumpart, að dómurinn og meðferð málsins eptir að úrskurðirnir voru upp kveðnir verði ómerkt og málinu heim vísað til löglegri meðferðar, sumpart að dóminum verði breytt í þá átt, að áfrýjandi verði sýkn dæmdur eða sektin færð niður. Svo hefur hann og krafizt málskostnaðar fyrir báðum rjettum. Af hálfu stefnda hefur þess aptur á móti verið krafizt, að dómurinn verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi að skaðlausu.

Með fyrra úrskurðinum, er áfrýjað er, þeim er felldur var 18. júlí f. á., neitaði undirdómarinn að víkja úr sæti í rjettinum sakir tengda við stefnda, þar sem stefndi hefði »handsalað» sökina fyrnefndum umbodsmanni hans Skapta Jóseppssyni og gjört hann að dominus litis, en við það hefði stefndi verið úr málinu og tengdir við hann því þýðingarlausar. Það verður þó eigi fallizt á þetta álit undirdómarans bæði vegna edlis

málsins, þar sem það snertir ærurjettindi stefnda, og eins þegar litið er til umboðs þess frá stefnda til að höfða málið, er Skapti Jósepsson lagði fram í undirjettinum og sem eigi verður skilið svo, að stefndi vilji með því vera úr málinu að öllu leyti, þó að Skapti sje nefndar þar dominus litis.

Með því að það nú er upplýst í málinu, að stefndi og kona undirdómarans eru bræðrabörn, þar undirdóm-
aranum sakir tengda við stefnda að víkja úr sæti sem dómari í málinu samkvæmt kröfu áfrýjandans fyrir undirjettinum, og verður því að fella úr gildi tjeðan úrskurð 18. júlí f. á. og ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins fyrir gestarjettinum frá því er úrskurðurinn var felldur, og vísa málinu heim aptur til löglegrí meðferðar og dómsáleggingar samkvæmt kröfu áfrýjanda. Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rjett að stefndi greiði áfrýjandanum 20 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Undirdómaranum, sýslumanni Jóni A. Johnsen, ber að víkja úr dómarasæti í máli þessu og á hinn áfrýjaði gestarjettardómur og meðferð málsins fyrir gestarjettinum frá því er úrskurðurinn 18. júlí f. á. var upp kveðinn, ómerkt að vera og er málinu heim vísað til löglegrí meðferðar og dómsáleggingar. Stefndi, Björn prestur Þorláksson, greiði áfrýjandanum Vilhjálmi Árnasyni í málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.